

Skólaráð Naustaskóla

7. fundur ársins 2015 þann 10. september 2015

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Skólanámskrá - starfsáætlun

Skólastjóri kynnti helstu breytingar á starfsáætlun frá síðasta starfsári, nokkrar breytingar voru gerðar eftir ábendingar skólaráðs síðasta vetur bæði varðandi uppsetningu og innihald en einnig er unnið að því að gera plaggið ítarlegra frá ári til árs. Hvað breytingar varðar var staldrað m.a. við skólareglur, skipurit, námsmat, fundaplan, umbótatillögur o.fl. Stefnt er að birtingu starfsáætlunarinnar á vef skólans á næstu dögum, með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu skólaráðs. Nefndarmenn hafa því tækifæri til næsta fundar til að koma með athugasemdir og breytingatillögur. Fram kom að vinna þarf að frekari útfærslum á skólareglum skv. viðmiðum þar um sem birt voru af Samb. ísl. sveitarf. og ráðuneyti sl. vor. Stefnt að því að ljúka þeirri vinnu fyrir áramót.

Töluverðar umræður um heimanám / heimalestur og þá ekki síst um að það vanti hvata í lestrinum sérstaklega á mið- og elsta stigi þ.e.a.s. að það þurfi að vera eftirfylgni varðandi heimalestur hjá öllum nemendum skólans þar sem gerð er krafa um að heimalestur sé daglega.

2. Foreldrafélag / samstarf heimila og skóla / upplýsingamiðlun

Foreldrafélag mun skipta verkum milli foreldra varðandi bekkjakvöld. Umræður um tíð skipti á umsjónarkennurum og að þau væru versti þátturinn hjá okkur varðandi samskipti heimila og skóla þar sem foreldrar næðu ekki sömu tengslum við kennara og ella vegna tíðra skipta.

3. Tilhögun námsmats

Rætt um tilhögun námsmats. Stefnt að óbreyttu fyrirkomulagi og síðast nema að við útskrift fá nemendur einkunn í bókstöfum með hliðsjón af matsviðmiðum aðalnámskrár. Að vori fái nemendur í hendur umsögn umsjónarkennara en markmiðalistar verði ekki prentaðir út nema fyrir þá sem þess óska sérstaklega. Hins vegar afar mikilvægt að halda markmiðum á lofti og meta jafnt og þétt allan veturinn, einnig að minna á þau við skil á matsmöppum, sýna þau í foreldraviðtölum o.s.frv.

Umræður spunnust um skipulag kennslu á unglíngastigi þ.e. stýrðar kennslustundir og vinnustundir og hvort vinnustundir komi niður á aðgengi nemenda að sérfræðiþekkingu kennara.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 15. október kl. 15:00 og verður boðað til hans með dagskrá með viku fyrirvara.